
RANNSÓKNARSJÓÐUR SIGRÚNAR
ÁSTRÓSAR SIGURÐARDÓTTUR OG
HARALDS SIGURÐSSONAR

Reglur og leiðbeiningar
2023



Formáli

Í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli Haralds Sigurðssonar hinn 4. maí 2008 tilkynnti ekkja hans, Sigrún Ástrós Sigurðardóttir kjólahönnuður, að í samræmi við erfðaskrá þeirra hjóna frá 1983 hefði verið stofnaður Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Haraldur var kjörinn heiðursdoktor við Háskóla Íslands árið 1980. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni.

Rannsóknarsjóður Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar veitir styrki til eflingar rannsókna á korta- og landfræðisögu Íslands eða íslenskri bókfræði og stuðlar að útgáfu rita um þau efni.

1. Stjórn sjóðsins

Samkvæmt skipulagsskrá Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar er stjórn sjóðsins skipuð þremur einstaklingum til fimm ára í senn. Í sjóðsstjórn skulu sitja; bókavörður sem sér um kortasafn Landsbókasafns Íslands, stjórnarmaður tilnefndur af líf- og umhverfisvísindadeild verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og vísindamaður tilnefndur af fagráði félags- og hugvísinda hjá Rannsóknasjóði.

Árin 2021-2025 er stjórnin skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Jökull Sævarsson, sagnfræðingur og sérfræðingur, formaður stjórnar.

Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands

Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur og rannsóknardósent við Stofnun Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum.

2. Tegundir styrkja og umsóknarfrestur

Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsóknum á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni.

Næsti umsóknarfrestur rennur út 4. maí 2023. Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Rannís. Allir umsækjendur fá tilkynningu um hvort þeir hafa hlotið styrk eða ekki. Tilkynningin er send í tölvupósti innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Stjórn sjóðsins tekur árlega ákvörðun um fjárhæð styrkja. Fjárhæð hvers einstaks styrks í úthlutun ársins 2023 er að hámarki tvær milljónir króna. Styrkir eru veittir til framfærslu styrkþega svo og rekstrarkostnaðar á grundvelli upplýsinga sem fram koma í umsókn. Greiðslur eru samkvæmt samningi við Rannís og greiðast inn á reikning styrkþega.

3. Matsferli nýrra umsókna

Stjórn sjóðsins metur umsóknir sem berast sjóðnum og ákvarðar um úthlutun styrkja.

Til þess að umsókn teljist styrkhæf verður vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna að vera ótvírætt og tengsl verkefnis við markmið sjóðsins augljós. Verkefnið þarf að vera vel skilgreint og tímaáætlun ljós.

Eftirtalin skilyrði eru lögð til grundvallar við mat umsókna, athugið misþungt vægi skilyrða:

1. Tengsl verkefnis við markmið sjóðsins (60%).
2. Vísindagildi fyrirhugaðs verkefnis (30%).
3. Rannsóknarvirkni umsækjanda og hæfni til að framkvæma verkið (10%).

Umsókn er ekki styrkhæf vegna einhvers af eftirfarandi:

1. Tengsl verkefnis við markmið sjóðsins eru ekki augljós.
2. Verkefni hefur verulega annmarka.
3. Umsóknin er ófullnægjandi eða ófullgerð.

Vinnureglur:

1. Leitast verður við að hraða mati og úthlutun, þannig að ferlið taki innan við tvo mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.
2. Umsóknir sem berast eftir auglýstan umsóknarfrest hljóta ekki afgreiðslu. Ekki er tekið við upplýsingum í persónulegum samtölum eða bréfum.
3. Umsækjendur skulu veita ótvíræð og tæmandi svör við öllum atriðum umsóknareyðublaðsins. Ófullnægjandi/ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.
4. Verði af veitingu styrks er gerður skriflegur samningur milli Rannís og styrkþega, innan tveggja mánaða frá því að styrkur er veittur. Styrkur er greiddur sem ein greiðsla og er hann lagður inn á bankareikning viðkomandi styrkþega. Upplýsingar um bankareikning þarf að tilgreina í samningi. Styrkurinn er ekki staðgreiðsluskyldur en hann er þó skattskyldur og má nánar lesa um rannsóknarstyrki á heimasíðu Ríkisskattstjóra www.rsk.is.

4. Eftirfylgni með styrktum verkefnum og birting niðurstaðna

Eigi síðar en 12 mánuðum eftir að tímaramma verkefnisins lýkur (miðað er við tímaáætlun í umsókn) skal styrkþegi skila lokaskýrslu til sjóðsins. Skýrsla (1-2 bls.) er samantekt á rannsókninni með inngangi, meginmáli og kynningu á helstu niðurstöðum verkefnisins og hvar þær hafa verið birtar. Senda skal skýrsluna til umsjónarmanns sjóðsins á netfangið groa.m.s.sigvaldadottir@rannis.is

Sjóðurinn fer fram á að niðurstöður styrktra verkefna verði birtar í opnum aðgangi. Sjóðurinn telur æskilegt að styrkþegi kynni með blaðagrein, tímaritsgrein, erindi eða veggspjaldi það verkefni sem hann hefur hlotið styrk til.

Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna sem styrktar eru af sjóðnum geta um þátt hans í viðkomandi verki.

Styrkþegar skulu fara að gildandi lögum og almennum reglum við vinnu sína og afla sér allra nauðsynlegra heimilda til verksins eftir því sem við á.